

Stjórn foreldrafélags Öldutúnsskóla 2014-2015. Fundur 1 – 30.09.2014, kl: 20:30

Mættir: Ingibjörg, Snædís, Vilborg, Friðborg, Guðfinna, Elín, Ingvar

1. Foreldrasamstarf í Öldutúnsskóla

Snædís setti fundinn og fór yfir fyrirkomulag foreldrasamstarfs í Öldutúnsskóla. Hlutverk stjórnar foreldrafélagsins, bekkjartengla, skólaráðs og að lokum foreldrafélags Hafnarfjarðar. Fram kom að markmið foreldrafélagsins er skýrt; skapa tengsl milli foreldra, barna og skóla. Vilborg kynnti foreldraröltið og Ingibjörg kynnti hvernig skólaráðsfundir fara fram og gaf dæmi um mál sem eru tekin fyrir þar. Snædís sýndi fundarmönnum ferla sem gerðir hafa vegna viðburða á vegum foreldrafélagsins til að auðvelda skipulag þeirra, t.d. vegna jólafundar, vorhátíðar ofl. og mun hún senda það á stjórnina.

2. Verkaskipting stjórnar

Stjórn skipti með sér verkum og raðast þau á eftirfarandi hátt:

Formaður: Snædís Ögn Flosadóttir

Varaformaður: Valerie Maier

Gjaldkeri: Ingibjörg Gunnarsdóttir

Umsjónarmaður Foreldraröltis: Vilborg Jónsdóttir

Ritari: Elín Ólafsdóttir

Skólaráð: Snædís Ögn Flosadóttir og Friðborg

Foreldraráð: Valerie Maier og Ingvar

Vorhátíð: Nikulás Sigfússon

Jólafundur: Guðfinna

Fræðsla: Inga Erlingsdóttir

3. Fundartími stjórnar

Fundartími stjórnar verður fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 20:00 nema í nóvember verður fundurinn á þriðjudeginum 4. nóvember. Fundarstaður er Öldutúnsskóli. Formaður boðar til fundar.

4. Bekkjartenglafundur

Snædís fór yfir fyrirkomulag og hlutverk bekkjartengla síðustu ár og hver tilgangur

fyrsta fundar með þeim væri sem er hugmyndafundur um hvað skal gera í vetur með með bekkjunum. Fyrsti bekkjartenglafundur þessa vetrar verður 14. október kl 20:00. Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:

Snædís stýrir fundinum og verður með kynningu á stjórn foreldrafélagsins, hvað það þýðir að vera bekkjartengill og foreldrarölti. Útvegar bekkjartenglalista og sendir út fundarboð. Hún kemur með verkefnablöð og penna fyrir bekkjartengla og stýrir verkefnavinnu. Aðrir fulltrúar í stjórn aðstoða við undirbúning fundar og við verkefnavinnu síns árgangs.

Ingibjörg kaupir veitingar fyrir fundinn

5. Fjármál

Ingibjörg sagði frá því að verið væri að senda út valfrjálsa seðla í heimabanka á næstu dögum, vegna greiðslu í foreldrafélagið og verða þeir seðlar út veturinn í heimabanka fólks. Nægt fé hefur komið inn í gegnum árin en meirihluti foreldra greiðir seðlana.

6. Önnur mál

Þá fór Snædís yfir önnur mál. Fram komu nokkur atriði sem voru rædd.

- **Skáld í skóla**

Borist hafði erindi um „Skáld í skóla“ frá skólanum en þá koma rithöfundar í skólann og lesa upp úr bókum sínum. Stjórn foreldrafélagsins hafði þegar samþykkt þetta í gegnum tölvupósta en þetta kostar 25.000 kr.

- **Marita fræðsla**

Einnig hafði borist erindi frá skólanum um hvort foreldrafélagið greiddi fyrir fræðslu frá Marita forvarnarfélaginu. Hugmyndin er að halda fræðslu fyrir 9. bekk á skólatíma og foreldra þeirra um kvöldið. Þetta var samþykkt af stjórn en kostnaður talinn um 50.000. kr.

- **Einelti**

Þá hafði borist erindi frá foreldri að fá fræðslu um einelti frá Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor á menntavísindasviði Háskóla Íslands, en hún hefur verið að halda fyrirlestra í skólum. Ekki var vitað um kostnað en Snædís ætlar að athuga það.

Við eineltisumræðuna var annað úrræði nefnt til að vinna með einelti og það er Baujan sem vinnur með hópa vegna eineltis. Það úrræði hafði reynst vel að sögn og Elín athugar verð og nánar um kynningu á því.

Fundi slitið 22:20

Elín Ólafsdóttir, ritari